



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 139/139/
komudagur 18.2.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 21. febrúar 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 401 – 334. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Er þetta fimmta framkvæmdaáætlun Íslenskra ríkisstjórna til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á Íslandi.

Mannréttindaskrifstofan fagnar tillögunni sem er nauðsynlegt framhald á því starfi sem unnið hefur verið í jafnréttismálum hér á landi síðastliðin ár. Jafnréttisáætlunin er í flesta staði afar vel gerð en Mannréttindaskrifstofa vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri;

Jafnrétti kynjanna nýtur verndar 1. mgr. 65. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og er það áréttað í 2. mgr. ákvæðisins. Jafnframt er Ísland aðili að fjölmörgum mannréttindasamningum þar sem mismunun á grundvelli kynferðis er bönnuð, s.s. samningi SP um afnám allrar mismununar gegn konum og Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Í 14. gr. sáttmálans er að finna bann við mismunun m.a. á grundvelli kynferðis. Ákvæði 14. gr. takmarkast þó af gildissviði sáttmálans, sbr. orðalagið *Réttindi þau og frelsi sem lýst er í samningi þessum.....*, og nær því ekki til allra sviða hins mannlega veruleika. Með 12. Viðauka við MSE er leitast við tryggja bann við mismunun á öllum réttarsviðum. Viðaukinn var undirritaður í Róm 4. nóvember 2000 og tók gildi 1. apríl 2005, Ísland hefur aðeins undirritað þennan viðauka en ekki fullgilt. Mannréttindaskrifstofa telur fulla þörf á að fullgilda þennan viðauka ásamt öðrum tilskipunum Evrópusambandsins sem að lúta að mismunun til þess að geta tryggt fullt jafnrétti kynjanna og tekið á fjölpætri mismunum sem alltof oft á sér stað í þjóðfélaginu í dag. Hér á Mannréttindaskrifstofa við jafnréttistilskipanir Evrópusambandsins (2006/54/EC, 2000/43/EC, 2000/78/EC ásamt fleirum) sem slíkar falla utan EES samningsins. Mannréttindaskrifstofu er kunnugt um þá vinnu sem fram fer í Velferðarráðuneyti við samningu frumvarpa er byggja á hinum tveimur síðast nefndu tilskipunum og fagnar því. Mannréttindaskrifstofa vill þó beina því til stjórnvalda að hafa það sem lið inni í jafnréttisáætluninni að innleiða þessar tilskipanir og jafnframt að fullgilda 12. viðauka við MSE til þess að jafnræði kvenna sé verndað á hvaða vettvangi sem er.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Varðandi 7. lið telur Mannréttindaskrifstofan að orðalagið „ráðuneytin stefni að“ sé óljóst og bjóði upp á að ráðuneytin leggi ekki of mikla áherslu á að ná hlutfallinu 40:60 við skipun í nefndir, ráð og stjórnir, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008. Þar sem hið opinbera á að vera fyrirmynd í jafnréttismálum telur skrifstofan að ákvæðið eigi að orðast svo; Ráðuneytin skipi í nefndir, ráð og stjórnir með jöfnum hlutföllum kynja eða a.m.k. samkvæmt ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um hlutfallið 40:60.

Varðandi 24. lið vill Mannréttindaskrifstofa benda á að öflugasta vopn sem stjórnvöld hafa gegn kynbundnu ofbeldi og annarri óæskilegri hegðun er forvarnir. Fordæmi eru fyrir öflugum forvarnarstarfi vegna reykinga og áfengis- og vímuefnanotkunar ungmenna en hins vegar hefur forvarnarstarf gegn kynbundnu ofbeldi einkum verið á höndum einkaaðila, oft þó með stuðningi stjórnvalda, en betur má ef duga skal. Forvarnarstarf gegn vændi er vissulega afar mikilvægt og fagnar Mannréttindaskrifstofa fræðsluherferð þeirri er hleypa á af stokkunum. Hins vegar telur Mannréttindaskrifstofa nauðsynlegt að efla forvarnarstarf gegn hvers konar kynbundnu ofbeldi og tryggja nægilegt fjármagn til slíks sem fyrst og í framhaldi af nýrri aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri